



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA  
Á ÍSLANDI



SKÝRSLA STJÓRNAR  
FÉLAGS UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI  
2016-2017

NÓVEMBER 2017



## Inngangur

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi hefur nú verið starfrækt í tíu ár. Verkefni félagsins hafa í grundvallaratriðum snúist um að: a) efla innra starf, sérstaklega tengslamyndum meðal félagsmanna, og b) að stuðla að fræðslu og umræðu um umhverfismál í þjóðfélaginu með ýmsum viðburðum.

Á starfsárinu hafa bæst við sex meðlimir, tveir félagar sögðu sig úr félaginu og einn fór úr nemaðild í fulla aðild. Á lista yfir félagsmenn eru nú 113 skráðir, þar af 27 með nemaðild.

## Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2016 var haldinn á Ský Bar 20. október 2016. Í stjórn voru kosin Steinar Kaldal, Birgitta Stefánsdóttir og Ingunn Gunnarsdóttir. Einnig var Ragnhildur Freysteinsdóttir kosin sér kosningu í stjórn til eins árs, til að rétta af skekkju sem myndast hafði á kjörtímabilum stjórnarmanna. Í stjórn frá síðustu kosningu var Guðrún Lára Pálmadóttir. Í varastjórn voru kosnar Anna Margrét Kornelíusdóttir og Hólmfríður Þorsteinsdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund á þá vegu að Steinar Kaldar er formaður, Birgitta Stefánsdóttir er gjaldkeri, Ragnhildur Freysteinsdóttir er ritari og Ingunn Gunnarsdóttir og Guðrún Lára Pálmadóttir meðstjórnendur.

Stjórn félagsins hélt alls níu stjórnarfundum á starfsárinu; 16. nóvember, 13. desember, 17. janúar, 22. mars, 4. maí, 14. júní, 9. ágúst, 8. september og 18. október. Á milli funda voru stjórnarmenn í samskiptum á fésbókarsíðu stjórnar félagsins. Varamenn voru boðaðir á alla stjórnarfundum og tóku þeir virkan þátt í starfi stjórnar.

## Fjármál félagsins

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi stendur vel fjárhagslega. Varðandi nánari útlistun á fjárhag er vísað til ársreiknings félagsins.

Upphæð félagsgjalda er nú kr. 3.000 krónur. Innheimta félagsgjalda hefur gengið vel, en mikið af innheimtu félagsgjalda síðasta árs voru greidd á þessu starfsári. Á starfsárinu voru tvær kröfur felldar niður fyrir félagsgjöld 2017 og ein fyrir félagsgjöld 2016. Allar ógreiddar kröfur síðan 2015 hafa verið felldar niður. Eins og komið hefur fram voru tveir félagar teknir af félagaskrá að eigin ósk.

Eigið fé í lok fjárhagsárs (31. ágúst 2017) var 1.757.751 krónur.

Endurskoðendur reikninga fjárhagsárs 2016-2017 eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir.

## Starfsemi félagsins á starfsárinu

### **Nefndir**

Þrjár nefndir eru innan raða félagsins.

*Orðanefnd.* Orðanefnd var skipuð til að sjá um verkefnisstjórn verkefnisins „Orðabanki umhverfismála“, sem styrkur fékkst fyrir úr Málræktarsjóði árið 2014 og unnið var í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar. Skipuðu Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Vanda Úlfrún Liv Helling nefndina. Vann nefndin út frá orðalista sem fyrri nefnd á vegum félagsins um iðorðasafn í umhverfisfræðum tók saman. Skilaði orðanefnd af sér orðalista og skýrslu til stjórnar félagsins í júní og lauk þar með formlega störfum.

*Námsnefnd.* Í nefndinni eru Salome Hallfreðsdóttir, Birna Helgadóttir og Vanda Úlfrún Liv Helling. Verkefni nefndarinnar er að yfirfara umsóknir um félagsaðild samkvæmt samþykktum verklagsreglum og var þeim umsóknum um aðild sem bárust félaginu vísað til námsnefndar.

*Lagabreytinganefnd. Í lagabreytinganefnd sitja Jóna Bjarnadóttir og Páll Stefánsson.*

### **Atburðir á vegum félagsins á starfsárinu**

24. febrúar 2017: Afmælisteiti í tilefni 10 ára afmæli félagsins. Haldið á Bryggjan Brugghús. Guðmundur Ingi Guðbrandsson fór yfir sögu félagsins og Stebbi Jak og Andri Ívars tóku föstudagslögin.

28. mars 2017: Könnun um áherslur stjórnar. Könnun var send á félagsmenn varðandi hvaða atriði stjórnin ætti að leggja áherslu á. Þátttaka í könnuninni hefði mátt vera betri, en helstu niðurstöður hennar voru þær að stjórn skyldi helst leggja áherslu á tengslamyndum félagsmanna með óformlegri samkomum. Einnig reyndist áhugi á heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir. Niðurstöður könnunar nýtast stjórn til ákvörðunar viðburða í framhaldinu.

6. júní 2017: Borgarlína og hanastél. Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hélt erindi um borgarlínuna.

26. ágúst 2017: Grill og glamur. Grill- og gítarveisla fyrir félagsmenn, haldin í heimahúsi.

12. október 2017: Happy hour og örerindi. Boðað til í samstarfi við GAIA. Fjórir félagsmenn sögðu frá starfi sínu og reynslu eftir nám. Spjall að loknum erindum.

### **Samfélagsmiðlar**

Félagið hefur vefsíðu, [www.fumi.is](http://www.fumi.is), sem þjónar fyrst og fremst sem almenn upplýsingaveita um félagið og starfsemi þess. Upplýsingum um viðburði hefur verið miðlað til félagsmanna í gegnum tölvupóst félagsins og fésbókarsíðu þess. Einnig hefur verið miðlað þar upplýsingum um viðburði tengda umhverfismálum á vegum annarra aðila. Stjórnarmenn hafa skipst á að sinna umsjón með tölvupósti og fésbókarsíðu.

### **Lokaorð**

Nær algjör endurnýjun varð á stjórn á aðalfundi 2016, þannig að nokkur tími fór í upphafi í að setja sig inn í mál félagsins og verk fyrri stjórnar. Markmið félagsins hafa frá upphafi einkum lotið að tvennu: a) að efla faglega og vísindalega þekkingu félagsmanna og koma á tengslamyndum þeirra á milli og b) að stuðla að og efla umræðu og fræðslu um umhverfismál í þjóðfélaginu. Töluverðar umræður hafa verið innan stjórnar um hvað leggja skuli áherslu á í þessu sambandi og var könnunin sem gerð var meðal félagsmanna í mars hluti þeirrar umræðu. Niðurstöður hennar benda til þess að leggja skuli meiri áherslu á fyrri markmiðið en hið síðara. Hefur stjórnin haft það í huga við ákvörðun viðburða á vegum félagsins. Stjórn Félags umhverfisfræðinga vill þakka félagsmönnum og öðrum kærlega fyrir ánægjuleg samskipti á liðnu starfsári. Sérstakar þakkir eru færðar öllum þeim sem komu að starfi félagsins og þeim sem þátt tóku í viðburðum á vegum þess. Félög snúast fyrst og síðast um fólk!